



Umhverfis- og orkustofnun  
Norðurlóð Borgum  
600 Akureyri

2601003 SÓÁ

## Umsögn

### Vatnshlot, uppfærsla á 9. kafla vatnaáætlunar 2022-2027

Á 198. fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 3.2.2026 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

*Umhverfis- og orkustofnun ber að meta hvort vatnshlot teljist manngert eða mikið breytt samkvæmt 13. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Slik vatnshlot greina sig frá náttúrulegum vatnshlotum vegna þess umtalsverða álags sem þau hafa orðið fyrir vegna mannlegra vatnsformfræðilegra breytinga. Dæmi um slíkt álag eru vatnsaflsvirkjanir, vegagerð, hafnagerð og þverun fjarða. Þar sem slíkt álag er til staðar getur vistfræðilegt ástand vatnshlota verið frábrugðið því sem viðgengst við náttúrulegar aðstæður.*

*Á árunum 2021-2024 voru unnar skýrslur á grundvelli verksamninga við fagstofnanir sem Umhverfis- og orkustofnun gerir. Markmið verkefnanna var að afla gagna og þróa aðferðir og kerfi sem nýtast við skilgreiningu manngerðra og mikið breyttra vatnshlota sem og við mat á vistmegni þeirra. Í meðfylgjandi greinagerð er gert grein fyrir þeirri vinnu og eru alls 16 vatnshlot skilgreind sem manngerð vatnshlot og 35 vatnshlot eru skilgreind sem mikið breytt. Jafnframt hefur 9. kafli vatnaáætlunar 2022-2027 verið leiðrétur og uppfærður sbr. 5. mgr. 19. gr. laga um stjórn vatnamála.*

*Á grundvelli þeirra sjónarmiða sem liggja að baki lögum um stjórn vatnamála hefur stofnunin ákveðið að setja framangreinda skilgreiningu á mikið breyttum og manngerðum vatnshlotum í opinbera kynningu. Markmiðið er að gefa hagsmunaaðilum og almenningi kost á að koma á framfæri athugasemdum. Frestur til að skila athugasemdum við matið er til og með 20.02.2026. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast stofnuninni á netfangið uos@uos.is merktar Skilgreining á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum.*

*Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að koma athugasemdum nefndarinnar á framfæri.*

Í drögum vatnaáætlunar 2028-2033 kemur fram að skv. 1. mgr. 13. laga um stjórn vatnamála eru sérstaklega skilgreind vatnshlot sem eru mikið breytt eða manngerð og metur Umhverfis- og orkustofnun hvort vatnshlot teljist tilheyra þeim flokki. Enn fremur kemur fram að mikilvægt sé að gera grein fyrir vatnshlotum sem falla í þennan flokk þar sem setja þarf viðeigandi umhverfismarkmið og mótvægisáðgerðir fyrir þau. Um er að ræða vatnshlot sem hafa jafnvel verið áratugum saman undir vatnsformfræðilegu álagi vegna t.d. vatnsaflsvirkjana.

Í þessu sambandi vill Skorradalshreppur koma á framfæri skýrslu Orkustofnunar sem unnin var fyrir Andakílsárvirkjun árið 1998 er varðar landbrot við Skorradalsvatn og er hér hjálögð. Verkið fól í sér athugun á hve mikið rof hafi orðið við vatnið frá því virkjunin tók til starfa og meta líkur á frekara rofi. Skemmst er frá því að segja að áætlað flatamál sem fór undir vatn við hækkun vatnsborðs Skorradalsvatns frá 1956 til 1994 eru rúmir 70 ha, en Andakílsárvirkjun tók til starfa 1947. Ekki liggja fyrir rannsóknir hvaða áhrif virkjunin hefur haft á milli árána 1947 og til 1956, eða frá 1994 og fram á þennan dag.

Andakílsárvirkjun hefur ótvírætt orsakað breytingar á Skorradalsvatni til hins verra er varðar afþreyingaraðstöðu, framræslu ræktaðs lands, að fitjar/votlendi hafa farið undir vatn, að strandlína hefur

breyst með tilheyrandi jarðvegs- og gróðurrofi, að vatnagróður hefur rýrnað vegna vatnssveiflna, sem hefur neikvæð áhrif á fiskbúskap vatnsins.

Það er mat sveitarfélagsins að vatnshlot Skorradalsvatn er mikið breytt af manna völdum og hefur verið áratugum saman undir vatnsformfræðilegu álagi vegna Andakílsárvirkjunar. Grípa þarf til róttækra mótvægisáðgerða og má þar helst nefna stýringu á vatnshæð, þ.e. gerðar séu kröfur um bæði lágmarks- og hámarkshæð vatnsins, bakkavarnir, endurheimt fyrra vistkerfi vatnsins og margt, margt fleira.

Það er einlæg ósk sveitarfélagsins að Umhverfis- og orkustofnun taki ábendinguna alvarlega og til faglegrar skoðunar, geri þær rannsóknir sem þörf er á til að ástand vatnsins og vatnshlot sé rétt skilgreint í vatnaáætlun fyrir tímabilið 2028-2033 þannig að grípa megi til réttra og róttækra mótvægisáðgerða.

Hvanneyri 3. febrúar 2026  
Virðingarfyllst,



Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir,  
skipulagsfulltrúi

Hjálagt:  
Skýrsla Orkustofnunar, Landbrot við Skorradalsvatn, 1998